



Knattspyrnufélagið Fram,
Guðmundur Torfason formaður,
Daði Guðmundsson framkvæmdastjóri

Sent með tölvupósti.

Reykjavík, 1. júlí 2025

Efni: Úrskurður vegna atviks í leik Fram gegn Þrótti í Bestu deild kvenna 20. júní 2025.

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, þann 1. júlí, var tekið fyrir erindi sem málskotsnefnd KSÍ sendi til nefndarinnar með vísan til gr. 6.2 og 6.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Erindið varðaði atvik sem átti sér stað í ofangreindum leik sem fór fram í Bestu deild kvenna þann 20. júní sl. Erindið barst nefndinni 23. júní sl. og með bréfi, dags. 25. júní sl., var Fram veittur frestur til að skila greinargerð eða gera athugasemdir vegna málsins til kl. 12:00 þann 1. júlí 2025. Engar athugasemdir bárust frá Fram og var málið því tekið til úrskurðar á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

Niðurstaða:

Í samræmi við ákvæði 6.2. og 6.3. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál úrskurðar nefndin m.a. um önnur mál sem málskotsnefnd KSÍ eða aðrir, sem til þess hafa heimild, beina til nefndarinnar eða nefndin telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna knattspyrnuleikja sem fram fara á Íslandi enda fjalli ekki aðrir um þau. Nefndin getur úrskurðað um alvarleg agabrot sem dómari og aðstoðarmenn hans sáu ekki í leik sem koma inn á borð nefndarinnar frá málskotsnefnd KSÍ.

Fyrir aga- og úrskurðarnefnd liggur fyrir staðfesting dómara leiksins að hvorki hann né aðstoðarmenn hans hafi séð það atvik sem lýst er í erindi málskotsnefndar KSÍ. Að mati nefndarinnar liggur því fyrir að dómara leiksins hafi verið ókleift að taka ákvörðun og afstöðu til atviksins sem um ræðir.


Með erindi málskotsnefndar fylgja hlekkir á fréttir um málið þar sem sjá má myndbönd af atvikinu. Aga- og úrskurðarnefnd telur sér heimilt með vísan til gr. 6.5 að styðjast við myndbandsupptökur þar sem ekki liggur fyrir skýrsla dómara eða eftirlitsmanns um atvikið. Að mati nefndarinnar sést greinilega á myndböndum sem liggja fyrir þegar markmaður Fram, Elaina Carmen La Macchia, togar í hárið á leikmanni Þróttar eftir hornspyrnu Þróttar.

Að mati aga- og úrskurðarnefndar er um að ræða alvarlegt agabrot sem felur í sér grófa óíþróttamannslega framkomu og varði viðurlögum samkvæmt 13. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Aga- og úrskurðarnefnd lítur á sem svo að um sé að ræða háttsemi sem geti verið hættuleg og feli í sér alvarlegt agabrot. Með vísan til alls framangreinds er það mat aga- og úrskurðarnefndar að leikmaðurinn skuli sæta tveggja leikja banni í Íslandsmóti vegna háttsemi sinnar. Leikbann tekur gildi kl. 12:00 næsta dag eftir birtingu úrskurðar.

Úrskurðarorð:

Elaina Carmen La Macchia skal sæta tveggja leikja banni í Íslandsmóti.

Virðingarfyllst,
f.h. aga- og úrskurðarnefndar KSÍ,



Axel Kári Vignisson